

Við krufðum rottu í náttúrufræði. Við krufðum rottu til að læra meira um hryggdýr og við lærum meira af því að kryfja rottu heldur en að sjá það á mynd eða lesa um það því þá getum við skoðað líffærin og hvernig það er innanfrá sjálfir. Brúnrotta (latnenskt heiti: *Rattus norvegicus*) er talinn vera frá kína. Hún er 19-25 cm að lengd að meðaltali og 200-300 grömm.

Áhöld og efni: Títuprjónn, Hnífur, Töng, Bakki, Hanskar, Poki, Skæri, pappi

Vinnulýsing: Fyrst fengum við rottu við skýrðum hana Pinky. Það fyrsta sem við gerðum var að setja rottuna á pappa og settum títuprjón í gengum loppurnar og lappirnar svo hún væri kyrr á meðan við myndum kryfja hana, við skárum frá hálsi niður að endaparmi til þess að opna hana svo tókum við feldinn og festum hann með títuprjóni, svo klipptum við rifbeinin frá brjósthóli og settum það á annan pappa sem við vorum með. Við tókum öll líffærin úr rottunni og skoðuðum þau vandlega og svo hentum við rottunni og líffærunum.

Niðurstöður

Hvít rotta

Hún er 21 cm að lengd

Hún var með rauð augu

Skottið er 16 cm

Tennurnar voru 1 cm

Klærnar eru 1 mm

Hún er kvenkynsrotta

Eyrun eru 1 cm að lengd

Skoðuðum hjartað, lungu,

og lifur.

Við fundum út að lifur er stærsti parturinn af rottunni.

Hjartað er stórt miðaðvið hvað rottan er lítil.

Heilinn var að mauk.